

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

6. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 2. júlí 1996.

## Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Kristmundur Halldórsson, Sigurgeir Bárðarson, Birgir R Gunnarsson, Sigurður Þórhallsson. Sigbjörn og Jón boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 15:00 og bauð fundarmenn velkomna.

## 1. Sameiningarmál, umræða.

Guðmundur hóf umræðu um kynningu á sameiningu L.H. og HÍS hjá hestamannaflögnum í framhaldi af fundi beggja samtakanna þann 29. maí s.l.

Á þeim fundi var samþykkt að tillögur sameiningarnefndar L.H. og HÍS verði sendar öllum hestamannafögum til kynningar. Þá var rætt um hvernig samtökin bæði saman gætu staðið að kynningu á tillögum um sameiningu eins og nefndin leggur til.

Allir fundarmenn tóku til máls um sameiningarmálið og komu fram skiptar skoðanir um ágæti sameiningar. Fram kom í umræðum að nefndaralit sameiningarnefndar hefur verið sent til formanna hestamannaflaga, formanna hestaþróttadeilda og formanna heráðssambanda og íþróttabandalaga. Í lok ítarlegrar umfjöllunar um þetta stóra mál "sameiningu eða ekki sameiningu" var ákveðið að fela formanni að ræða við HÍS um fyrirkomulag væntanlegrar kynningar á tillögum sameiningarnefndar.

## 2. Nýtt fagráð í hrossarækt.

Formaður kynnti bréf frá Félagi hrossabænda dags. 14. júlí s.l. Í bréfinu er fjallað um fagráð í hrossarækt, en Bí og F.hrb. hafa gert með sér samstarfssamning hvað þetta varðar. Í bréfinu er óskað eftir tilnefningu fulltrúa L.H. í fagráð í hrossarækt ásamt varamanni. Stjórnin tilnefnir Guðmund Jónsson og Guðbrand Kjartansson sem varamann hans.

## 3. Fjórðungsmót á Gaddstaðaflötum.

Sigurður sagði frá ýmsu varðandi undirbúning FM'96 og hlut skrifstofu L.H. hvað hann varðar. Allur undirbúnin gerði vel og hefst mótið á morgun 4. júlí. Rætt var um félagal og keppnisrétt. Nauðsynlegt er að skýrar reglur gildi um þessi atriði.

## 4. Stóðhestastöðin í Gunnarsholti.

Formaður hóf umræðu um stöðu stóðvarinnar. Eins og er leigja Bændasamtök Íslands stöðina. Sá leigusamningur rennur út í september n.k. Óvissa ríkir nú um rekstur og framtíð Stóðhestastöðvarinnar. Tölverðar umræður urðu um málið og lýstu stjórnarmenn áhuga á því að Stóðhestastöðin verði rekin áfram til hagsbóta fyrir hrossaræktina í landinu.

## 5. Afgreiðsla annarra erinda.

Formaður lagði fram bréf frá hestamannaflögum Létti og Funa undirritað af Sigfúsi Helgasyni formanni Léttis dags. 2. júlí. Í bréfinu er fjallað um reiðleiðir í Eyjafjarðarsveit. Hestamannaflögum Léttir og Funir hafa ekki fengið óskir sínar uppfylltar hvað reiðvegi varðar frá Akureyri fram á Melgerðismela. Mál þetta er í uppnámi og þarfnað úrlausnar hið fyrsta. Hestamannaflögum óska eftir aðstoð L.H. við lausn þessa máls. Mál af þessu tagi hafa áður borist inn á borð stjórnar til úrlausnar. Erindi bréfs Sigfúsar Helgasonar var mikil rætt og ákveðið að fela formanni að kynna sér alla

málavöxtu með því að ræða við málsaðila og afla skriflegra gagna um málið. Stjórnin leggur áherslu á að heimamenn leiti lausna og sátta í málinu.

## 6. Framvinda mála í sumar og staða verkefna.

Farið var yfir stöðu mála og framvindu í sumar, en ekki er gert ráð fyrir formlegum stjórnarfundum, fyrr en í byrjun september.

Milliþinganefndir hafa starfað og munu vinna áfram að verkefnum sínum og undirbúa tillögur til ársþings, hvað varðar þeirra úrlausnarefni. Málin í skoðun og undirbúningi m.a. hjá mótanefnd, keppnisnefnd og umhverfis- og ferðanefnd, Dómarafélagi L.H. o.fl. Stjórnarmenn verða í sambandi um nauðsynleg úrlausnarefni önnur ásamt og með skrifstofu.

Framkvæmdir á Skógarhólum eru fyrirhugaðar m.a. að tengja og leggja vatn, rafmagn og síma frá þjónustumiðstöðinni á Pingvöllum að Skógarhólum. Sjá nánar bókun í E lið hér síðar.

A) Rætt var um sumarfrí og störf skrifstofunnar því tengdu og óhjákvæmilega lokun. Skrifstofan verður lokað frá 29. júlí til 19. ágúst vegna sumarleyfa starfsfólks.

B) Sigurður framkvæmdastjóri L.H. verður í sumarfrí frá 29. júlí til 8. september. Skrifstofan verður lokað frá 29. júlí til 19. ágúst, opið verður frá 9-12 dagana 19. ágúst til 8. september.

C) Formaður og gjaldkeri ræddu starfsmannahald og þjónustu skrifstofunnar með tilliti til afgreiðslu á fjárhagsáætlun síðasta ársþings þar sem þess var krafist að fyrir næsta ársþing verði lögð fram fjárhagsáætlun þar sem liðir 1.-4. verði lækkaðir um samtals 17% eða 1.000.000.- króna frá því sem nú er.

Gjaldkeri L.H. dreifði til stjórnarmanna fyrstu drögum að fjárhagsáætlun næsta árs. Tekjur og gjöld eru áætluð rúmar 8.200.000 króna miðað við óbreyttan rekstur. Fjárhagsdrögin voru rædd en engin ákvörðun tekin um endanlegan frágang þeirra.

D) Sigurður Þórhallsson hóf umræðu um girðingarálfíð á Hveravöllum. L.H. sér um viðhald á girðingunni árlega. Stjórnin felur Sigurði að tala við oddvita Svínavatnshrepps um viðhald girðingarinnar á Hveravöllum í þeim anda að hreppurinn annist viðhald hennar í stað L.H.

E) Fjallað var um Skógarhóla og framkvæmdir þar. Fundurinn samþykkir að fela stjórnarmönnum á Reykjavíkursvæðinu að vinna að málefnum Skógarhóla eftir því sem fjárhagurinn leyfir.

F) Stjórnin felur formanni að svara ummælum Páls Dagbjartssonar í Hestinum okkar frá 1. júlí s.l. þar sem hann fjallar m.a. um staðarval Landsmóts 1998.

Fleira ekki bókað.

Halldór Gunnarsson  
Guðbrandur Kjartansson  
Sigurgeir Bárðarson

Guðmundur Jónsson  
Kristmundur Halldórsson  
Birgir R Gunnarsson